

Námsstefna um verkjameðferð

Mælitæki – Meðferð - Árangur

Dagana 16. og 17. mars verður haldin námsstefna um verkjameðferð á Reykjalundi.

Fyrri daginn verður farið í nokkur grundvallaratriði í verkjameðferð, fjallað um líkamlega, sálræna og félagslega þætti og þverfaglega nálgun. Auk þess verður sagt frá niðurstöðum rannsóknar þar sem yfir 100 sjúklingum verkjasviðs var fylgt eftir í 3 ár.

Seinni daginn verða vinnusmiðjur og þátttakendum gefast tækifæri á að dýpka skilning sinn og færni í meðferð þrálátra verkja. Mun hver og einn hafa möguleika á að taka þátt í fleiri en einni smiðju. Meðal þess sem tekið verður fyrir eru æfingar í laug, líkamsvitund, stafganga, félagsleg vandamál verkjasjúklinga, notkun mælitækja, og niðurtröppun sterkra verkjalyfja. Einnig verður farið í grundvallaratriði hugrænnar atferlismeðferðar, lífsstílsbreytingar og áhugahvöt.

Námsstefnan er ætluð læknum, hjúkrunarfræðingum, sjúkraliðum, sjúkraþjálfurum, iðjuþjálfum, sálfræðingum, félagsráðgjöfum og öðru fagfólki sem í starfi sínu mætir einstaklingum með langvinna verki.

Hægt er að skrá sig á annan daginn eða báða. Nánari dagskrá verður auglýst síðar.

Hámarksfjöldi þátttakenda á námsstefnunni er **60 (gildir fyrir seinni daginn)**. Námskeiðsgjald er kr. **40.000.-** fyrir báða dagana, kr. **27.000.-** fyrir annan hvorn daginn. Innifalið eru námskeiðsgögn og næring. Umsóknafrestur er til **20. febrúar 2012**. Umsóknir sendist á netfang berghildur@reykjalundur.is

